

Málning hf.  
Dalvegi 18  
201 Kópavogi

Reykjavík, 15.7.2024  
UST202402-090/K.K.  
08.09.02

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 19. júní 2024 - Málning hf., Dalvegi 18

Þann 19. júní 2024 fór fram reglubundið eftirlit í Málningu hf, Dalvegi 18. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### Staða eldri frávika:

Rekstraraðila var bent á að skoða hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að uppfylla gr. 38 í reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, jafnframt að reikna út hver raunveruleg rýrnun lífrænna leysa er í framleiðslunni. Í úrbótaáætlun dagsett 24. nóvember 2023 kemur fram að áætluð verklok hafi verið 1. apríl 2024. Þessari vinnu er enn ekki lokið.

### Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Mikilvægt er að öll efni séu geymd á öruggan hátt, í lekabyttu og með árekstrarvörn.
2. Rekstraraðila er bent á að framkvæma mælingar á þeim efnum sem notuð eru í starfsemi og eru á lista I eða II í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
3. Rekstraraðila er bent á að bæta við upplýsingum um hættuleg efni sem notuð eru í rekstrinum í græna bókhaldið.

### Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Leysiefni skal geyma við minna en 20°C hita. Á tímabilinu 9. nóvember 2023 til 20. júní 2024 fór hitinn 25 sinnum yfir 20°C.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 6. ágúst 2024.**

Virðingarfyllt

Kristín Kröyer  
Sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir  
Sérfræðingur